



Aðalstjórn UMF Stjörnnunnar

Stjórnarfundur haldinn á skrifstofu SO föstudaginn 17. desember 2010 kl. 11:00

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Rafn Johnsen og Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ). Pálína Hinriksdóttir (PH) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson (PG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdastjóri kynnti framlög Garðabæjar til Stjörnnunnar á árinu 2011 samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í gær.

Framlög til félagsins eru óbreytt frá fyrra ári nema framlag til rekstrar knattspyrnuvalla sem hækkar um 4,5 milljónir króna.

2. Fjármál deilda félagsins

Framkvæmdastjóri kynnti drög að útkomuspá ársins. Gert ráð fyrir að tap á rekstri félagsins verði amk 23 milljónir króna á árinu 2010.

Aðalstjórn mun leita leiða með deildum félagsins til að rétta af fjárhag þeirra á grundvelli áramótastöðu 2010.

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna formönnum deilda um niðurstöðu aðalstjórnar.

3. Rekstraráætlanir deilda og framlög úr afrekssjóði 2011

Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um úthlutun afreksstyrkja á árinu 2011. Aðalstjórn samþykkir tillögurnar með fyrirvara um endanlegt uppgjör ársins 2010.

Framkvæmdastjóra falið að tilkynna formönnum deilda um niðurstöðu aðalstjórnar.

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn þriðjudaginn 28.12. kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 13:00

Ritað PGr.